



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

**Samanburður á skotvopnalöggjöf í
löndum og afleiðingar hennar**
Er þörf á að herða núverandi löggjöf?

Julia Anna Cygert

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2024

Samanburður á skotvopnalöggjöf í löndum og afleiðingar hennar

Er þörf á að herða núverandi löggjöf?

Julia Anna Cygert

12 eininga lokaverkefni á áherslusviðinu afbrotufræði
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðbeinandi
Ólafur Örn Bragason

Félagvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2024

Titill: Samanburður á skotvopnalöggjöf í löndum og afleiðingar hennar
Stuttur titill: Skotvopnalöggjöf og öryggistilfinning
12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2024 Julia Anna Cygert
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Julia Anna Cygert, 2024, bakkalárprófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 61 bls.

Prentun: Reykjavík
Akureyri, maí, 2024

Ágrip

Skotvopnaátök eru mjög alvarlegt vandamál víða um heim sem hafa skaðleg áhrif á allt samfélagið. Fjallað verður um fjögur atriði sem geta haft áhrif á beitingu skotvopna í ólöglegum tilgangi en til þess þarf skilning á skotvopnalögum, menningu, pólitískum og efnahagslegum málum. Viðhorf fræðimanna og samfélagsins um hvort þörf sé á að endurskoða skotvopnalöggjöfina eru á ólík á þessu sviði. Niðurstöður sem birtast hér endurspegla hræðslu almennings við stríð og átök á síðastliðnum árum. Stærsta vandamálið á þessu sviði er svartur markaður og smygleiðir á *Íslandi, Póllandi, Bretlandi og Kanada* sem verður fjallað um í þessari ritgerð og skotvopn sem eru í röngum höndum. Meirihluti glæpamanna sem fremja fjöldaskotárásir eru einstaklingar með geðræn vandamál. Sem dæmi má taka Breivik málið (Noregur) og Davison (Bretland). Því hafa mörg lönd tekið þá afstöðu að gera kröfur til umsækjenda skotvopnaleyfa um sálfræði- og/eða læknisskoðun til að koma í veg fyrir skotárásir í framtíðinni. Lönd sem hafa nýlega sett þessi lög, eins og Bretland, sjá fækkun skotvopna- og haglabyssuleyfa. Því má draga þá ályktun að markmiðinu hafi að einhverju leyti verið náð, en vandamálið er þó enn til staðar. Á undanförunum árum hefur átt sér stað fjölgun á vopnaútköllum hjá íslenskri lögreglu þar sem yfir 62% allra vopna sem sérsveitin hafi verið kölluð út eru vegna eggvopna/stunguvopna, en lítil hluti útkalla tengdist skotvopnum (<1/3). Óljóst er hver þróunin á Íslandi mun verða á næstum árum, vafi leikur einnig á vegferð annara landa.

Niðurstöður ritgerðarinnar sýna að ekki sé alltaf nauðsynlegt að gjörbreyta skotvopnalöggjöf heldur einungis sumum þáttum hennar.

Lykilorð: Skotvopn, Evrópa, öryggi, viðhorf, áhrif, menning

Abstract

Firearms conflict is a very serious problem in many parts of the world that has a detrimental effect on society as a whole. The four issues that affect the public will be discussed, but this requires an understanding of firearms laws, culture, political and economic issues. The attitudes of academics and society differ in this area as to whether there is a need to revise the firearms legislation. The results provided here reflect the public's fear of war and conflict in recent years. The biggest problem in this area is the black market, smuggling routes in Iceland, Poland, United Kingdom and Canada which will be discussed in this essay, and firearms that are in the wrong hands. The majority of criminals who commit mass shootings are individuals with mental health problems. Examples include the Breivik case (Norway) and Davison (Great Britain). Therefore, many countries have taken the position of making demands on applicants for psychological and/or medical examinations in order to prevent a large number of shootings in the future. Countries that have recently enacted these laws, such as the UK, are experiencing a decline in the number of firearms and shotgun licenses. Therefore, it can be concluded that the goal has been achieved, but the problem is still there. In recent years, there has been an increase in the number of calls for weapons by the Icelandic police, where over 62% of all weapons that the special forces have been called out for are stun guns or stab weapons. A small part of the calls have been related to firearms (<1/3). Because it is not clear where Iceland will be heading in the next few years, the same can be said about other countries.

The results of the thesis show that necessity does not always require a complete change in firearms legislation, just some aspects of it.

Keywords: Firearms, Europe, safety, attitude, effect, culture

Ég vil þakka Ólafi Erni Bragasyni leiðbeinanda mínum sérstaklega fyrir stuðning og leiðsögn í gegnum ferlið. Einnig vil ég þakka Unni Oddnýju Einarsdóttur og Ísabellu Þórólfsdóttur fyrir að gefa mér góðar ráðleggingar í gegnum skólagönguna.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 einingar lokaverkefni til B.A. gráðu í Félagsvísindum við Háskólann á Akureyri. Ritgerðin fjallar um hvernig skotvopnalöggjöf er háttað, brotatiðni á síðastliðnum árum og einnig öryggi almennings. Öryggi á alþjóðlegum vettvangi hefur lengi verið innan áhugasviðs míns og því ákvað ég að skrifa ritgerð um skotvopnalöggjöf á Íslandi, Póllandi, Bretlandi og Kanada sem kann að ógna almannaoöryggi.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	1
2. SKOTVOPNALÖGGJÖF	3
2.1 ÍSLAND	3
2.2 PÓLLAND	6
2.3 BRETLAND	9
2.4 KANADA	10
2.5 SAMANTEKT	11
3. BROTAÞÍÐNI OG HLUTFALL SKOTVOPNAMORÐA	13
3.1 ÍSLAND	14
3.2 PÓLLAND	15
3.3 BRETLAND	16
3.4 KANADA	18
3.5 SAMANBURÐUR	18
4. STEFNA OG REGLUR EVRÓPUSAMBANDSINS	20
5. FRÆÐILEG NÁLGUN	22
5.1 FEMÍNÍSK KENNING	22
5.2 PÓLÍTIÐSK NÁLGUN	24
5.3 MENNING	26
5.4 EFNHAÐSLEG ÁHRIF SKOTVOPNALÖGGJAFAR	28
6. ÓLÖGLEG SKOTVOPN	30
7. ÖRYGGISTILFINNING LANDSMANNA	34
8. ÆTTI AÐ HERÐA LÖG?	36
9. UMRÆÐUR	40
HEIMILDIR	43

Töfluyfirlit

Tafla 1: Skotvopnaleyfi, hvaða skotvopn er talað um og hverjir geta sótt um	6
Tafla 2: Lágmarksaldur, tegundir vopna og refsingar í löndum	12
Tafla 3: Skotvopn í eigu almennings á hverja 100 íbúa árið 2017.....	13
Tafla 4: Skotvopnaleyfi, fjöldi nýrra skotvopnaleyfa sem lögreglan veitir á Íslandi.....	14
Tafla 5: Skotvopnaleyfi, fjöldi skotvopna og fjöldi nýrra skotvopnaleyfa sem lögreglan veitir í Póllandi.....	15
Tafla 6: Manndráp/tilraunir og öll brot með notkun skotvopna (manndráp, heilsutjón, líkamsárás, nauðgun og rán).....	16
Tafla 7: Fjöldi einstaklinga með skotvopna- eða haglabyssuskírteini í Bretlandi í lok mars árlega	17
Tafla 8: Fjöldi manndrápa með skotvopni var beitt og öll brot í Bretlandi og Wales	17
Tafla 9: Fjöldi manndrápsmála þar sem skotvopni var beitt í Kanada.....	18
Tafla 10: Samanburður á fjölda leyfishafa, hlutfall skotvopna á 100 íbúa og fjöldi manndrápa með skotvopnum.	19
Tafla 11: Fjöldi verkefna sérsveitar	31

1. Inngangur

Í Bandaríkjum eiga sér mjög oft stað mótmæli þar sem barist er fyrir takmörkunum á byssueign. Meirihluti umræðna um skotvopnatakmarkanir einblína á Bandaríkin (Zouhar og Bartoszewicz, 2022). Ritgerð þessi leggur ekki áherslu á Bandaríkin sem eru þó í fyrsta sæti þegar horft er á fjölda skotvopna í opinberri eigu á hverja 100 íbúa, þar sem Kanada er í fimmta sæti og Ísland í tíunda sæti (Karp, 2018). Samkvæmt Amnesty International deyja daglega meira en 600 manns af völdum byssuofbeldis. Áætlað er að um tveir þriðju hlutar dauðsfalla af völdum skotvopna eigi sér stað í sex löndum sem eru undanfarandi: Brasilía, Bandaríkin, Venesúela, Mexíkó, Indlandi og Kólumbíu (Amnesty International, e.d.). Skotvopnamenning og þar af leiðandi skotvopnalöggjöf er ólík í hverju landi fyrir sig og því er ekki alltaf krafa um að herða eða létta á skotvopnalöggjöf.

Eftir hverja einustu fjölmiðlaumfjöllun sem tengist atvikum þar sem skotvopn koma við sögu fer af stað umræða um réttindi borgara til skotvopnaeignar. Stuðningsmenn frjálsræðis telja borgara eiga að hafa frjálsan aðgang að skotvopnum og ætti líka að vera stjórnarskrárbundið. Þeir telja einnig að vopnaeign myndi að auka öryggistilfinningu almennings. Andstæðingar þeirra eru sannfærðir um að skotvopn séu ógn við mannlíf og heilsu einstaklinga, því eru takmarkanir æskilegar til að takast við þessa ógn (Phillips og Frańczuk, 2020). Spurningar sem hægt væri að spyrja væru: Hvað finnst almenningi? Eru skotvopn ógn fyrir samfélagið og öryggi þeirra eða er núverandi ástand á skotvopnalöggjöf fullkomin?

Skotvopnamenning Evrópu einkenndist af reglugerðum og afvopnun eftir tvær heimsstyrjaldir sem áttu sér stað á 20. öldinni (Kirst, 2019). Skotvopnamenning er því mjög misjöfn innan Evrópulanda (Krüsselmann o.fl., 2021) og einnig viðhorf almennings til skotvopna. Viðhorfið getur því endurspeglast í skotvopnalöggjöf hvers ríkis fyrir sig og einnig viðhorfum íbúanna til skotvopna. Því er lögð fyrir eftirfarandi rannsóknarspurning: *Samanburður á skotvopnalöggjöf Íslands, Póllands, Bretlands og Kanada: Er þörf á að herða lögum til að auka öryggi landsmanna?*

Ritgerðin mun skiptast í sjö kafla. Í upphafi verður fjallað um skotvopnalöggjöf í þessum fjórum löndum sem hafa verið tilgreind í rannsóknarspurningunni; Íslandi, Póllandi, Bretlandi og Kanada. Í þriðja kafla er farið í fjölda skotvopna sem lögregluskýrslur veita upplýsingar um sem og fjölda manndrápa þar sem skotvopn komu til sögunar. Fjórði kafla mun fjalla um hlutverk Evrópusambandsins í skotvopnalöggjöf. Í fimmta kafla er fræðileg nálgun þar sem lögð verður áhersla á femíníska kenningu og þar af leiðandi sögu og viðhorf kynja, fjallað verður um pólitíska nálgun þar sem verður lögð megináhersla á frjálslyndisstefnu, svo verður fjallað um skotvopnamenningu í hverju landi fyrir sig og á endanum verða efnahagsmálefni rædd. Í sjötta kafla verður fjallað um skotvopnasmygl og ólöglega hlið á því málefni. Í sjöunda kafla sjö verður lögð megináhersla á öryggistilfinningu almennings og viðhorf hans til skotvopna. Í áttunda kafla verður skoðað hvort nauðsyn krefjist þess að herða skotvopnalöggjöf í umræddum löndum miðað við núverandi ástand. Í lokin verður umfjöllunarefnið dregið saman og niðurstöður verða kynntar.

Heimildir sem hafa verið nýttar við ritgerðarskrif eru fjölbreyttar. Bæði voru nýttar fræðilegar greinar, fréttir, tölfræði frá lögreglunni og ýmiss konar rannsóknir. Lögð var megináhersla í ritgerðarskrifum að hafa heimildir sem birtar voru eftir 2015, sem gekk misvel í gegnum ferlið.

2. Skotvopnalöggjöf

Vopnalög hafa lítið breyst hérlandis frá árinu 1998 til dagsins í dag. Staða Íslands hefur breyst aðeins að undanfögnu þar sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram tillögu um að lækka lágmarksaldur umsækjanda um skotvopnaleyfi úr 20 ára aldri niður í 18 ára, til samræmis við sjálfræðisaldur hérlandis. Sigríður Björk Guðjónsdóttir, núverandi ríkislögreglustjóri, taldi að slíkt myndi fjölga umsóknum ef löggin kæmu í gildi (Jakob Bjarnar, 2024). Samkvæmt frumvarpi til laga frá október 2023, um breytingu á ýmsum lögum varðandi aldursmörk kom sú tillaga um að færa aldurstakmörk á ýmsum lögum til samræmis við sjálfræðisaldur sem er á Íslandi 18 ára. Í þessari tillögu er einnig lögð áhersla á að færa lágmarksaldur skotvopnaumsækjenda til 18 ára aldurs (þingskjal nr. 305/2023-2024, frumvarp til laga). Í stað þess að horfa til þeirra skotvopnalaga í Evrópu sem eru takmörkuðust en talið er að slíkar reglur séu í gildi í Póllandi (Chlebowicz o.fl., 2022) þá aftur á móti er verið að reyna að rýmka reglurnar á Íslandi. Í þessum kafla verður skoðað hvernig núgildandi skotvopnalöggjöf er háttað á Íslandi, Póllandi, Bretlandi og Kanada.

2.1 Ísland

Samkvæmt núgildandi vopnalögum nr. 16/1998, kemur fram að þegar talað er um *skotvopn* er átt við vopn eða tæki sem eru hæf til að losa afl með notkun sprengikrafts, þjöppuðu lofti eða öðrum svipuðum aðferðum til að koma út kúlum, höglum eða öðrum skotum. Einungis þeir sem hafa skotvopnaleyfi mega nota og eiga skotvopn. Þetta leyfi veitir lögreglustjóri í því umdæmi sem umsækjandi á lögheimili. Samkvæmt 12. gr kemur fram að umsækjandi þurfi að uppfylla þrjú skilyrði svo hægt sé að sækja um skotvopnaleyfi. Það fyrsta er að umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri og hefur ekki verið sviptur sjálfræði, en hægt er að víkja frá aldursskilyrðum ef um er að ræða íþróttaskotfimi. Annað skilyrði er að umsækjandi hafi ekki gerst brotlegur samkvæmt almennum hegningarlögum, gegn lögum um ávana og fíkniefni, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða áfengislögum. Hins vegar kemur fram að lögreglustjóri getur veitt leyfi ef brotið hefur verið smávægilegt eða tvö eða fleiri ár eru liðin frá þegar brotið var framið, einnig ef refsing hafi ekki verið meiri en sem nemur sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum. Síðasta skilyrðið er að umsækjandi þurfi að kunna að umgangast skotvopn, viðkomandi þarf að vera hæfur til slíks og sé andlega heilbrigður. Einnig

þarf sá sem óskar eftir skotvopnaleyfi að sitja námskeið í meðferð og notkun skotvopna (vopnalög nr. 16/1998) og einnig veiðikortanámskeið (Ísland.is, e.d.-b). Þátttakendur námskeiðsins þurfa að byrja að undirbúa sig að minnsta kosti tveimur vikum fyrir námskeið. Þau þurfa fyrst og fremst að fá leyfi frá lögreglunni til að geta tekið þátt í námskeiðinu, einnig þarf læknisvottorð vegna skotvopnaleyfis frá heimilislækni og tvo meðmælendur, með kennitölum og símanúmeri þeirra og þurfa þeir að hafa náð 20 ára aldri (Ísland.is, e.d.-b).

Umsækjendur þurfa að vita að skotvopnaleyfi eru stigskipt. Það þýðir að réttindi til að eiga og notfæra sér skotfæri aukast með frekari réttindunum (Ísland.is, e.d.-a). Þegar viðkomandi fær fyrstu réttindi A leyfis má hann einungis nota minni riffla og handhlaðnar haglabyssur. Viðkomandi sem hefur A leyfi getur notað skotvopnið til veiða og íþróttaiðkunar. Hvorug þessara skotvopnategunda mega ekki vera sjálfvirkar né hálfsvirkar (vopnalög nr. 16/1998). Samkvæmt 1. gr. reglugerðar um skot, skotfæri o.fl. nr. 787/1998 eru *sjálfvirk skotvopn* vopn sem hægt er að skjóta úr röð skota með því að taka aðeins einu sinni í grikkinn og *hálfsvirk skotvopn* skjóta einu skoti á eftir öðru þar til skotgeymir verður orðin tæmdur (reglugerð um skot, skotfæri o.fl. nr. 787/1998). Á Íslandi er óheimilt að flytja inn eða framleiða sjálfvirkar eða hálfsvirka skammbyssur, sjálfvirka riffla og sjálfvirkar haglabyssur. Hægt er að víkja frá þessum lögum ef lögreglustjóri veitir heimild til að flytja inn hálfsvirkar skammbyssur og hálfsvirka riffla ef um er að ræða vopn til íþróttaiðkunar (vopnalög nr. 16/1998). Samkvæmt greiningardeild ríkislögreglustjóra (2021) hefur átt sér stað fjölgun á innfluttum hálfsvirkum og sjálfvirkum vopnum á síðustu árum. Meginástæða þess er undantekningar í vopnalögum, sem hafa kveðið á um að sjálfvirka eða hálfsvirka riffla ætti flytja til landsins með leyfi lögreglustjóra vegna söfnunargildis (þingskjal nr. 753/2023-2024). Þessi lög árið 2024 urðu fyrir breytingum þar sem ekki má lengur flytja inn sjálfvirk eða hálfsvirk skotvopn vegna söfnunargildis. Í stað þess má lögreglustjóri veita heimild til að flytja inn hálfsvirkar skammbyssur og hálfsvirka riffla sem ætlaðir eru til íþróttaiðkunar. Breytingarnar voru samþykktar í desember 2023 (þingskjal nr. 753/2023-2024). Lögin sem rætt var um hér fyrir ofan tóku gildi í febrúar 2024 (vopnalög nr. 16/1998).

Að einu ári liðnu frá því viðkomandi fær fyrst skotvopnaréttindi má hann öðlast frekari réttindi og getur fengið B leyfi fyrir stærri rifflum og hálfsvirkum haglabyssum. Þetta leyfi er ætlað til veiða og íþróttaiðkunar. Samkvæmt nýjustu lagabreytingum um vopnalög fellur C leyfi undir loftskammbyssur. Einstaklingar sem geta sótt um C leyfi þurfa að vera meðlimir viðurkenndra skotfélaga. Skotvopn sem falla undir C leyfi eru eingöngu ætluð til íþróttaiðkunar (vopnalög nr. 16/1998). Líklegast samræmist fyrra ákvæði reglugerð um skotvopn, skotfæri

o.fl., nr. 787/1998 en þá var ætlast C leyfis til minkaveiða eða til starfa við meindýraeyðingu. Um er að ræða leyfi sem veitir handhöfum leyfis rétt til að lána eða leigja skotfæri en ekki til eigu. Þetta leyfi gat viðkomandi sótt um hjá Umhverfisstofnun (reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl., 787/1998). D leyfi er með öðrum orðum íþróttaleyfi og slíkt leyfi er veitt einstaklingum sem eru meðlimir viðurkenndra skotfélaga og hafa haft C leyfi í að minnsta kosti tvö ár. Þetta leyfi er ætlað skammbyssum og riffla sem nýttir eru í íþróttaiðkun (vopnalög nr. 16/1998). E réttindi eru veitt til að hlaða skothylki til eigin nota. Leyfið veitir lögreglustjóri ef, að hans mati, umsækjandinn er hæfur og hefur þekkingu á hleðslubúnaði og hleðslu skothylkis. Ekki getur hver sem er fengið þessi réttindi, eingöngu þeir sem hafa B leyfi og hafa tekið námskeið í hleðslu skotfæra samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra (Ísland.is, e.d.-a). S leyfi veitir lögreglustjóri þeim einstaklingum heimild til að flytja inn skotvopn sem hafa söfnunargildi og eru því óvirk. Til að öðlast réttindi þarf viðkomandi að hafa haft skotvopnaleyfi a.m.k. tíu ár (vopnalög nr. 16/1998). Í fyrri lögum var þess krafist að viðkomandi hafi haft skotvopnaleyfi í fimm ár, einnig þurfi S leyfi vera veitt af ríkislögreglustjóra (Ísland.is, e.d.-a) en samkvæmt nýjum breytingum er umboðið fært yfir á lögreglustjóra (vopnalög nr. 16/1998). Margvíslegar breytingar munu eiga sér stað á íslenskum skotvopnalögum. Því er nauðsynlegt að hafa í huga að lögin geta breyst á næstunni.

Tafla 1: Skotvopnaleyfi, hvaða skotvopn er talað um og hverjir geta sótt um

Skotvopnaleyfi	Skotvopn	Hver getur sótt um leyfi?
A – leyfi	Minni rifflar og handhlaðnar haglabyssur. Sjálfvirk eða hálf sjálfvirk	Umsækjendur sem hafa uppfyllt skilyrði (grein fyrir ofan)
B – leyfi	Stærri rifflar og hálf sjálfvirkar haglabyssur	Umsækjandi þarf að hafa skotvopnaréttindi í að minnsta kosti í ár til að geta sótt um. Íþróttaiðkun eða veiðar.
C – leyfi	Loftskammbyssur	Íþróttaiðkun
D – leyfi eða íþróttaleyfi	Skammbyssur og rifflar	Íþróttaiðkun - er veitt einstaklingum sem eru meðlimir skotfélaga
E – leyfi	Skothylki til eigin nota	Er veitt einstaklingum sem hafa kunnáttu og B-leyfi
S – leyfi – söfnunarleyfi	Skotvopn sem hafa söfnunargildi vegna aldurs eða tengjast sögu landsins	Þarf að hafa skotvopnaleyfi í a.m.k. tíu ár

Lögreglustjóri getur svipt einstaklinga skotvopnaleyfi ef nauðsyn krefst, s.s. ef leyfishafi hefur brotið lög. Sá sem er sviptur réttindum þarf að skila vopnum og tækjum til lögreglustjórans sem síðan eru seld fyrir hönd eigandans, eigandi vopns fær söluandvirðið í þeim tilvikum. Ef stjóri telur að vopn, efni eða tæki eigandans séu verðlaus eða verðlítill hefur hann rétt á að eyðileggja þau án þess að greiða eigandanum bætur. Ef brotið var stærra getur það leitt til sektar eða í versta tilfalli leitt til fjögurra ára fangelsis, en ef um stórfelld brot er að ræða þar sem mikil hættu átti sé stað eða tjón, getur það leitt til sex ára fangelsis (vopnalög nr. 16/1998).

2.2 Pólland

Talið er að pólsk lög um skotvopnaeign séu ein þau hörðustu í Evrópu (Chlebowicz o.fl., 2022). Fyrstu pólsku skotvopnalögin má rekja til ársins 1919 þar sem kveðið var um að refska öllum sem áttu ólögleg skotvopn, skotfæri eða hergögn með árs fangelsi og sektum (Phillips og Frańczuk, 2020). Lögin sem eru kynnt hér að neðan eru frá árinu 1999. Samkvæmt pólskum vopnalögum kemur fram að skotvopnaleyfi veitir lögreglustjóri í umdæmi umsækjandans og er

um að ræða ótímabundið leyfi. Sérstaklega þarf að veita skotvopnaleyfi þegar um er að ræða persónuvernd eða vernd manna og eigna, veiða, íþróttaiðkunar, söfnunar eða til þjálfunar. Skotvopnategundir fara mjög mikið eftir því hvernig umsækjandi mun nýta skotvopnið. Eins og þegar um persónuvernd er að ræða getur viðkomandi fengið leyfi fyrir skammbyssu eða riffli sem er frá 6 til 12 mm. Til veiða eru aðgreind lög, þar megináherslan er lögð á lengri riffla. Nota má t.d. hljóðdeyfi, þeir aðilar sem sækja um leyfi til veiða mega ekki notfæra sér skammbyssur (dz. U. Nr 53, poz. 549). Á Íslandi er óheimilt að setja hljóðdeyfi á skotvopn nema með leyfi lögreglustjóra, það er eingöngu leyft þegar um stóra riffla er að ræða (reglugerð um breytingu á reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl., nr. 787/1998). Alfarið bann er fyrir pólskan almenning að notfæra sér skotvopn sem eru sjálfvirk og hálf sjálfvirk, samt er hægt að víkja frá þeim reglum þegar um er að ræða stofnanir sem vinna við öryggisþjónustu. Þessar stofnanir þurfa að tilgreina að þess konar skotvopn séu nauðsynleg til starfa. Jafnframt geta sjálfvirk og hálf sjálfvirk skotvopn vera nýtt á námskeiðum og skólum, íþrótt- og veiðifélögum. Eigendur skotsvæða geta einnig átt þess konar vopn og þau geta einnig verið notuð í kvikmyndagerð. Ákveðin lögregludeild hefur heimild til að takmarka eða neita veitingu skotvopnaleyfis, upplýsingar um takmarkanir koma einnig fram á skotvopnaskírteini einstaklings. Ekki þarf skotvopnaleyfi þegar um er að ræða skotvopn sem hafi verið framleidd fyrir árið 1850, sem á einnig við um söfnunarmuni (dz. U. Nr 53, poz. 549). Einnig eru loftbyssur löglegar í Póllandi sem hafa afl undir 17J, en nauðsynlegt er fyrir einstaklinga að sækja um skotvopnaleyfi ef þær eru yfir 17J (KWP Lublin, 2023). Ekki eru aðgengilegar tölur um fjölda eiganda eða loftbyssu sem eru í eigu Pólverja í dag, vegna þess að það er mjög auðvelt aðgengi á þeim á netinu. Á vinsælustu sölusíðunni, *Allegro* í Póllandi, er hægt er að finna umtalsvert magn af loftbyssum sem hægt er að kaupa án viðeigandi skírteinis. Verðið er frá 250 zł (8700 ISK) alveg til 2051 zł (71.000 ISK).

Til að umsækjandi geti sótt um skotvopnaleyfi þarf hann að hafa náð 21 árs aldri en hægt er að víkja frá aldurskilyrðum þegar um er að ræða íþróttaiðkun, veiði, eða beiðni skóla, íþróttasamtaka, varnarsamtaka eða veiðisamtaka. Þá er aldurstakmarkið 18 ára. Umsækjandi þarf að hafa lögheimili í Póllandi, hafa líkamlega og andlega getu til að nota vopn, en nauðsynlegt er að útvega vottorð frá lækni og sálfræðingi, þar sem þeir staðfesta að viðkomandi sé heilbrigður (Policja Podlaska, 2008). Þessum tveimur vottorðum þarf að skila á fimm ára fresti, ef skotvopnaleyfishafi hefur fengið synjun frá umræddum fagaðilum hafa þeir rétt á og ætlast er að þeir tilkynni málið til lögreglunnar (dz. U. Nr 53, poz. 549). Lögreglan leggur megináherslu á sjálfræðisvottorð því meirihluti skotvopnaglæpa eru framdir af fólki með

geðraskanir. Til dæmis má nefna Breivik málið í Noregi þar sem í kjölfar handtöku hans kom í ljós að hann var með geðklofa (Phillips og Frańczuk, 2020). Umsækjendur mega ekki vera háðir áfengi eða öðrum efnum og mega ekki hafa verið sakfelldir fyrir brot. Auk þess má umsækjandi ekki vera ógn gagnvart sjálfum sér eða öðrum (Policja Podlaska, 2008; dz. U. Nr 53, poz. 549). Umsækjandi þarf einnig að standast próf um vopnalög og notkun vopna, en þetta próf þurfa lögreglumenn, landamæraverðir og aðrir sem starfa innan ríkisstjórnarinnar ekki að standast (dz. U. Nr 53, poz. 549). Þegar umsækjandi ákveður að sækja um skotvopnaleyfi þarf hann að tilgreina tilgang skotvopnaleyfis, tegund skotvopna og fjölda skotvopna. Eftir að umsækjandi fær skotvopnaskírteini í hendur fær hann einnig þriggja mánaða vottorð sem veitir honum heimild til að kaupa vopn og fjölda þeirra sem hann hafði tilgreint í umsókninni. Eftir að sá tími rennur út á vottorði, á hann rétt á að endurnýja það ef umsækjandi hefur ekki náð að kaupa vopn innan tímarammans. Næsta skref hjá viðkomandi eftir kaup á vopni er að skrá það innan fimm daga, skráning á sér stað á lögreglustöð þar sem vopnið verður skráð á kennitölu vopnahafa (dz. U. Nr 53, poz. 549). Lögregluembætti hefur rétt á að afturkalla skotvopnaleyfi einstaklinga ef viðkomandi:

1. Hefur ekki skráð vopnið sitt í kerfið
2. Hefur ekki tilkynnt um tapað vopn (innan 24 klukkustunda)
3. Hefur ekki tilkynnt breytingu á búsetu (innan 14 daga)
4. Hefur brotið lög um geymslu og burð á skotvopnum
5. Hefur lánað einstaklingi vopn sitt sem hefur ekki skotvopnaleyfi
6. Var undir áhrifum á meðan hann var með vopn á sér
7. Hafnar því að gangast undir læknis- og sálfræðigreiningu

(dz. U. Nr 53, poz. 549).

Þeir sem hafa misst skotvopnaleyfi þurfa að fara með vopnið og skotfæri til ákveðinna stofnana sem sjá um vopnaviðskipti. Ef það á sér ekki stað innan 30 daga er nauðsynlegt að fara með vopnið til viðeigandi lögregludeildar. Þegar kemur að refsingum og sektum kemur fram í 50 gr. pólskra laga um vopn og skotfæri að sá sem týnir skotvopninu sínu eða skotfæri skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Þeir sem hafa ekki skráð skotvopn sitt hjá lögreglunni eða hafa ekki skilað vopni til lögreglunnar eftir að hafa misst réttindi geta verið sektaðir eða jafnvel handteknir. Sama refsing gildir ef viðkomandi hefur ekki tilkynnt lögreglunni um tap eða hefur ekki tilkynnt nýtt lögheimili sitt innan 14 daga. Einnig gildir sama refsing ef viðkomandi flytur vopnið til eða frá Póllandi án réttinda til þess og einnig ef leyfishafi hefur vopn á sér eða geymir það á óöruggan hátt sem getur leitt til mikillar hættu (dz. U. Nr 53, poz.

549). Þyngsta refsing gildir þegar einstaklingar hafa ekki leyfi til framleiðslu skotvopna eða ef um er að ræða ólöglega sölu á vopnum, einstaklingar sem brjóta af sér gagnvart þessum lögum geta fengið frá einu ári í allt að 10 ára fangelsisvist. Vægari refsing sem er frá sem mánuðum upp að átta árum er beitt þegar einstaklingur er á skotvopn án viðeigandi réttinda til þess (Policja, e.d.-c).

2.3 Bretland

Samkvæmt núverandi breskum skotvopnalögum er einungis hægt að versla fjórar tegundir skotvopna á löglegum markaði (Zouhar og Bartoszewicz, 2022). Til að geta átt skotvopn er nauðsynlegt að hafa haglabyssu- eða skotvopnaskírteini sem er gefið út af bresku lögreglunni (Home Office, 2022a). Þetta skírteini þarf að endurnýja á fimm ára fresti (Zouhar og Bartoszewicz, 2022). Ólöglegt er að selja eða gefa einstaklingum sem eru undir 18 ára aldri vopn, en slíkt flokkast sem lögbrot (Firearms Act, 2023). Einstaklingar sem ákveða að sækja um haglabyssuleyfi geta verið einungis eigendur og kaupendur haglabyssu. Nauðsynlegt er að umsækjandi sé orðinn 18 ára eða eldri þegar sótt er um leyfi (Zouhar og Bartoszewicz, 2022). Einstaklingur þarf að tilkynna til hvers skotvopnið er notað, til dæmis vegna íþróttaiðkunar, tómsunda, söfnunar, rannsóknar eða til starfa (Home Office, 2022a). Einstaklingar 18 ára eða eldri sem æfa skotfimi geta samkvæmt breskum lögum átt skotvopn og notað í æfingaskyni (Firearms Act, 2023). Fram kemur í umsókninni að umsækjandi þarf tvo meðmælendur sem hafa þekkt umsækjanda vel í að minnsta kosti í tvö ár, þeir mega ekki vinna innan lögreglunnar og ekki hafa verið sakfelldir. Einnig þarf umsækjandi að tilkynna allar upplýsingar um líkamleg eða andleg heilsufarsvandamál sem gætu haft áhrif á öryggi þess að eiga skotvopn og þar af leiðandi þarf að tilkynna í umsókninni hver sé heimilislæknir viðkomandi (Metropolitan police, e.d.). Lögreglan hefur þann rétt að óska eftir læknisskýrslu frá heimilislækni og haft samband við heimilislækni umsækjandans ef hann gefur engar upplýsingar um veikindi sem gætu haft áhrif á veitingu skírteinis. Ef upp kæmi sjúkdómur eftir veitingu skotvopnaskírteinis er nauðsynlegt að heimilislæknir tilkynni það til lögreglunnar þ.e.a.s. ef heimilislæknir telur að veikindin gætu haft áhrif á almennt öryggi. Samt sem áður liggur það í höndum skírteinishafa að tilkynna slík veikindi til lögreglunnar, einnig þarf hann að tilkynna til hvaða lækna hann hafi farið á undanförunum tíu árum og eins ef breytingar verða á heimilislækni. Í því tilviki er nauðsynlegt að þessar upplýsingar séu aðgengilegar lögreglunni. Einstaklingar sem hafa hlotið þriggja mánaða fangelsi geta fengið slíkt skírteini ef liðin eru fimm ár frá afplánun. Ef

viðkomandi hefur hlotið meira en þriggja ára fangelsi fær hann ævilangt bann (Metropolitan police, e.d.). Árið 2020 átti sér stað breyting á refsingum í tengslum við skotvopnabrot í Bretlandi. Markmið breytingarinnar var að refsingar endurspegli betur alvarleika brotsins. Einstaklingar sem eiga, kaupa eða eignast ólögleg vopn í Bretlandi geta verið dæmdir í sex til átta ára fangelsi. En ef um er að ræða einstaklinga sem bera skotvopn á almannafæri geta þeir verið dæmdir í fimm til sjö ára fangelsi. Ef skotvopnið er eftirlíking er um að ræða allt að 12 mánaða fangelsi. Hæsta refsing er ef líf manna er í hættu og í slíkum tilvikum getur fangelsisrefsing varðað frá 8 til 12 árum. En hámarksrefsing fyrir brot með notkun skotvopna getur verið lífstíðarfangelsi (Stuart Miller Solicitors, 2023). Einstaklingar geta fengið lífstíðarfangelsi þegar þeir ætla að valda skaða á eigin heilsu eða annarra með ólöglegu skotvopni. Sama refsing gildir þegar þeir notfæra sér ólögleg skotvopn til að fremja brot eða ef aðilar starfa innan glæpasamtaka sem flytja inn skotvopn eða skotfæri til Bretlands (Holtom o.fl., 2018).

2.4 Kanada

Samkvæmt núverandi kanadískum vopnalögum er takmarkaður aðgangur að skammbyssum, en almennt getur almenningur ekki notfært sér riffla, haglabyssur með afsöguðu hlaupi og sjálfvirk vopn en lögreglan og her geta nýtt sér slík vopn. Annað á við veiðiriffla og haglabyssur - þær eru hvergi takmarkaðar né bannaðar í Kanada, en nauðsynlegt er fyrir vopnahafa að hafa skotvopnaleyfi því um er að ræða lögbrot ef þeir hafa það ekki (Connecticut General Assembly, Office of Legislative Research, 1994).

Það sem felst í takmörkuðu aðgengi að skammbyssum er að nauðsynlegt er að viðkomandi sem vill eiga skammbyssu þarf að fá skráningarskrirteini sem gefið er út tímabundið fyrir einstaklinga sem vinna við öryggisgæslu, eru lögreglumenn eða meðlimir byssuklúbba, söfn og þeir sem hafa ástæðu til sjálfsvarnar. Einstaklingar sem ákveða að sækja um vopnaleyfi þurfa að hafa náð 18 ára aldri, skila nýrri ljósmynd af sér og sýna fram á einhvers konar vottorð að þeir hafi lokið námskeiði í öryggi og notkun skammbyssu eða fengið vottorð um að þeir séu hæfir til notkunar skotvopna, metnir af skotvopnafulltrúa (Connecticut General Assembly, Office of Legislative Research, 1994). Einnig þarf umsækjandi standast sálfræðiskoðun sem kannar hvort einhver hættu sé á að einstaklingur gæti framið sjálfsvíg eða ofbeldi (Langmann, 2020). Hægt er að veita einstaklingi undir lögdri skotvopnaleyfi ef einstaklingur er undir eftirliti fullorðins aðila sem hefur skotvopnaleyfi. Undanþágur eru veittir frá aldurstakmarki

umsækjanda ef um er að ræða íþróttaskotfimi. Aldurstakmark í því tilviki er á bilinu 12 til 18 ára, en til þess er nauðsynlegt að fá samþykki frá foreldrum eða forráðamönnum. Skotvopnaleyfi er tímabundið sem þarf að endurnýja á fimm ára fresti. Einstaklingar sem brjóta af sér við veitingu upplýsinga eftir þessi fimm ár sem hér um ræðir geta fengið allt að tveggja ára fangelsi (Connecticut General Assembly, Office of Legislative Research, 1994). Kanadísk lög kveða á um að lágmarksrefsing fyrir notkun skotvopna í slíku broti ætti að vera eitt ár. Samkvæmt einu kanadísku frumvarpi kemur fram að lágmarksdómur fyrir alvarleg brot eins og t.d. manndráp, kynferðisofbeldi, rán eða mannrán ætti að vera tíu sinnum fjögurra ára fangelsi (Government of Canada, e.d.).

2.5 Samantekt

Í öllum löndunum sem eru talin hér að ofan kemur fram að andleg heilsa skiptir máli í veitingu skotvopnaleyfa, yfirleitt er um að ræða vottorð eða frekari upplýsingar sem umsækjandi þarf að veita til umsóknar. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum setur Pólland umsækjendum ströngustu kröfurnar en krafist er læknis- og sálfræðivottorðs, auk þess sem þeir þurfa að standast próf í vopnalögum og notkun þeirra. Þetta er til að koma í veg fyrir að einstaklingar skaði sig og/eða aðra. Einnig er nauðsynlegt í þessum löndum að standast námskeið til að geta fengið skotvopnaleyfi í sínar hendur. Tafla 2 sem er hér fyrir neðan sýnir lágmarksaldur umsækjenda skotvopnaleyfa, en hafa þarf í huga að í öllum þessum löndum er hægt að víkja frá aldurstakmörkunum þegar kemur að íþróttaiðkun. Einnig sýnir Tafla 2 tegundir skotvopna þar sem kemur fram að það fari mikið eftir hvernig leyfi viðkomandi er að sækja um og til hvers, í öllum þessum löndum þarf að tilkynna ástæðu af hverju viðkomandi vill vera eigandi skotvopna. Bretar leggja áherslu á að refsing endurspegli alvarleika brots sem augljóslega flest lönd reyna að gera, en með misgóðum árangri.

Tafla 2: Lágmarksaldur, tegundir vopna og refsingar í löndum

Land	Lágmarksaldur	Tegundir vopna	Refsingar
Ísland	20	Fer eftir hvaða hverju og einu leyfi fyrir sig (íslensk grein).	Lægsta refsing er að vera sviptur réttindum. Alvarleg brot geta leitt af sér 4 - 6 ára fangelsi.
Pólland	21	Sjálfvirk og hálfhálfvirk eru bönnuð en hægt er að víkja frá þeim. Stærstu tímatakörk sem viðkomandi hefur til að kaupa sér vopnið og fjöldi þeirra.	Fyrir smávægileg brot er sekt eða allt að 2 ára fangelsi. Refsing fyrir sölu og framleiðslu án leyfis getur leitt af sér 1 - 10 ára fangelsi.
Bretland	18	Haglabyssur, skotvopn til íþróttaiðkunar eða tómstundir.	Lægsta refsing er réttindasvipting sem getur leitt af sér allt að 6 - 8 ára fangelsi. Hæsta refsing á við ef líf manna er í hættu, um er að ræða 8 - 12 ára fangelsi eða lífstíðarfangelsi.
Kanada	18	Skammbyssur (takmarkað), veiðirifflar og haglabyssur löglegar.	Lágmarksrefsing er eins árs fangelsisvist en lágmarksdómur fyrir t.d. manndráp, rán eða mannrán er tíu sinnum fjögurra ára fangelsi.

Þessi kafli fjallaði um skotvopnalöggjöf og hvernig því er háttað í þessum fjórum löndum. Í næsta kafla verður fjallað um tíðni manndrápsmála og einnig hlutfall skotvopna í hverju landi fyrir sig.

3. Brotatíðni og hlutfall skotvopnamorða

Evrópa er talin vera með lágsta hlutfall skotvopnamorða miðað við aðrar heimsálfur (Krüsselmann o.fl., 2023). Samkvæmt United Nations Office on Drugs and Crime ([UNODC], 2023) var árið 2021 40% morða um allan heim framin með skotvopnum. Í Evrópu voru aðeins 12% allra morða framin með skotvopni, í Asíu voru það 15% og í Ameríku 67% (UNODC, 2023). Enn fremur greinir UNODC frá því að 1000 til 1.500 manns séu drepnir með skotvopni árlega í Evrópu (Krüsselmann o.fl., 2023).

Samkvæmt Small Arms Survey (e.d.) var einn milljarður skotvopna á heimsvísu árið 2017. 85% skotvopna voru í almenningseigu, 13% í eigu hersins og 2% í eigu löggæslustofnana (Small Arms Survey, e.d.). Hins vegar má ekki fullyrða að tölfræðin sé fullkomlega nákvæm þegar kemur að fjölda skotvopna í heiminum því skráningargögn eru aðeins 12% af heildarfjölda skotvopna á heimsvísu (áætlaður heildarfjöldi) (Karp, 2018). Ástæðan fyrir lágu hlutfalli felst í að sumar ríkisstjórnir vilja ekki birta upplýsingar eða skort á þeim, einnig að ekki eru gerðar lagalegar kröfur í sumum löndum varðandi skráningu skotvopna. Samkvæmt Small Arms Survey er Bandaríkin í fyrsta sæti með hæsta hlutfall skotvopna á hverja 100 íbúa sem er 120,5 skotvopn. Kanada er í fimmta sæti og Ísland í því tíunda. Þegar horft er á Evrópu er ljóst að Norðurlöndin hafa hæsta hlutfall skotvopn í eigu almennings á hverja 100 íbúa (Karp, 2018). Tafla 3 sýnir fjölda skotvopna í eigu almennings á hverja 100 íbúa, upplýsingar voru fengnar frá Small Arms Survey (e.d.). Bent er á að t.d. árið 2017 voru Pólland og Bretland með lágsta hlutfall skotvopna í eigu almennings og hæsta hlutfallið var í Kanada og á Íslandi.

Tafla 3: Skotvopn í eigu almennings á hverja 100 íbúa árið 2017

Land	Fjöldi á 100 búa
Kanada (5. sæti)	34,70
Ísland (10. sæti)	31,74
Bretland og Wales	4,61
Pólland	2,51

Tillit skal taka til þess að fjölgun vopna meðal almennings á hverju ári er meiri en fjöldi eydda skotvopna á hverju ári (Karp, 2018). Hér fyrir neðan verður lögð áhersla á hvert land fyrir sig varðandi fjölda skotvopnaleyfa og tíðni manndrápsmála.

3.1 Ísland

Á heimasíðu lögreglunnar á Íslandi má sjá sundurliðun á fjölda hvernar tegundar skotvopna fyrir sig. Hér að neðan má sjá skráningu nýrra réttinda og aukningu skotvopna frá árunum 2015-2019 (Lögreglan, 2019).

Tafla 4: Skotvopnaleyfi, fjöldi nýrra skotvopnaleyfa sem lögreglan veitir á Íslandi

Ár	Fjöldi e. skotvopnaréttinda (nýskráð)	Fjöldi skotvopna (nýskráð)
2015	588	1392
2016	645	1438
2017	583	2223
2018	752	2523
2019	212 (til júlí)	1387 (til júlí)
Heildarfjöldi júlí 2019	14.997 (A-Leyfi).	68.734

Tafla 4 sýnir að í gegnum árin hefur átt sér stað fjölgun á skráðum skotvopnum en árið 2019 eru upplýsingar sem lögreglan veitti eingöngu til júlí mánaðar ársins 2019, þar af leiðandi hægt er að álykta að fjölgun réttinda og skotvopna hafi átt sér stað eftir þann tíma.

Í svari dómsmálaráðherra kemur fram að þann 1. janúar 2022 hafa skráð skotvopn til notkunar alls verið 76.680, skotvopn sem eru óvirk, týnd, útflutt eða í eigu lögreglunnar o.fl. eru talin vera 87.048 og alls skráðir eigendur skotvopna eru 36.548. Þetta segir til um að fjölgun á skráðum skotvopnum hefur átt sér stað á árum 2019 til 2022. Samkvæmt svari dómsmálaráðherra hefur skotvopnum fjölgað í eigu almennings (þingskjal nr. 941/2021-2022, svar dómsmálaráðherra). Vitað er einnig að óskráð skotvopn héraðs eru til staðar en ekki er vitað um fjölda þeirra (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2015). Á innan við 30 ára tímabili hafa sjö manndráp átt sér stað á Íslandi þar sem skotvopni var beitt (Þórdís Arnljótsdóttir, 2022). Samkvæmt bráðarbirgðatölfræði lögreglu árið 2023 er ljóst að mikil fjölgun hefur verið á vopnaútköllum hjá sérsveit ríkislögreglustjóra á síðustu árum þremur árum. Eingöngu í 16% málanna hafa skotvopn komið til sögunnar og í 69% málanna hafa egg- eða stunguvopn komið við sögu (Lögreglan, 2024a).

3.2 Pólland

Á hverju ári gefur lögreglan í Póllandi út helstu tölfræði varðandi skotvopnaleyfi og fjölda skotvopna sem eru skráð í lögreglukerfi og einnig fjölda nýrra leyfa sem lögreglan veitir. Einnig kemur fram í tölfræði lögreglunnar hverjar ástæðurnar væru sem umsækjendur upplýstu um í umsókninni (Policja, e.d.-a). Tafla 5 sýnir eingöngu tölfræði um hversu margir einstaklingar hafa skotvopnaleyfi, hversu margir hafa bæst í hópinn og einnig fjöldi skotvopna sem hefur verið skráður af skotvopnaleyfishöfum. Vakin er athygli á árunum 2021 og 2022 þar sem nýjum skotvopnaleyfum hefur fjölgað umtalsvert miðað við árin á undan.

Tafla 5: Skotvopnaleyfi, fjöldi skotvopna og fjöldi nýrra skotvopnaleyfa sem lögreglan veitir í Póllandi

Ár	Skotvopnaleyfi	Fjöldi nýrra leyfa	Fjöldi skotvopna
2015	192.819	9.783	390.820
2016	197.929	13.832	424.675
2017	206.124	15.233	463.768
2018	215.602	16.302	505.429
2019	224.651	15.222	551.410
2020	234.916	15.330	587.853
2021	252.299	19.939	658.379
2022	286.751	37.402	760.218
2023	323.983	40.867	843.755

Tafla 6 sem er hér fyrir neðan sýnir fjölda manndrápa og einnig tilraunir til manndráps með skotvopnum í Póllandi á árum 2015 til 2021. Ekki fundust töluleg gögn um árin 2022 og 2023. Til að fá heildarmynd á tölfræði var nauðsynlegt að skoða hvert ár fyrir sig. Fyrstu tölfræðigögn lögreglunnar eru frá 2002 og benda þau til þess að fjöldi manndrápa með notkun skotvopna hafi verið 111 og alls voru 1170 brot framin með notkun skotvopna (Policja, e.d.-b). Á árum 2015 - 2021 var þetta hlutfall mun lægra en árið 2002 eins og sýnt er í töflu 6. Samkvæmt gögnum lögreglunnar ljóst er hæsta hlutfall brota þar sem skotvopn kemur til sögunar eru rán (Policja, e.d.-b). Tafla 6 sýnir eingöngu manndráp og tilraunir til manndráps því gögn lögreglunnar setja slíkt saman í eina töflu og einnig sýnir taflan fjölda allra brota þar sem skotvopn hafa komið við sögu í Póllandi á árunum 2015 – 2021.

Tafla 6: Manndráp/tilraunir og öll brot með notkun skotvopna (manndráp, heilsutjón, líkamsárás, nauðgun og rán)

Ár	Manndráp/tilraunir	Öll brot með notkun skotvopns
2015	19	301
2016	15	996
2017	20	874
2018	25	768
2019	12	659
2020	23	635
2021	27	682

Pólsk skotvopnalög eru ein af þeim ströngustu í Evrópu eins og áður hefur verið minnst á. Þetta gerir lögreglunni kleift að draga skotvopnaleyfi til baka fyrir smávægileg atriði eins og t.d. misbrest í vottorðum frá lækni eða sálfræðingi, skorti á líkamlegri eða andlegri getu, truflun á sálrænni starfsemi o.fl. Árið 2014 dró lögreglan til baka 10.457 skotvopnaleyfi og árið þar á eftir 5.974 (Chlebowicz o.fl., 2022).

3.3 Bretland

Upplýsingar Home Office (2023b) benda til að á árunum 2015 til 2022 hafa átt sér stað smávægilegar sveiflur á útgáfu skotvopna- og haglabyssuskírteina eins og má sjá hér fyrir neðan. Upplýsingar til að setja upp töflu voru teknar úr Home Office (2023b). Tafla 7 sýnir að frá árinu 2019 hefur átt sér stað fækkun á útgáfu skotvopna- og haglabyssuskírteina.

Tafla 7: Fjöldi einstaklinga með skotvopna- eða haglabyssuskírteini í Bretlandi í lok mars árlega

Ár	Skotvopnaskírteini	Haglabyssuskírteini
2015	154.000	582.000
2016	153.000	567.000.
2017	155.000	561.000.
2018	158.000	567.000
2019	160.000	572.000
2020	159.000	567.000
2021	156.000	549.000
2022	151.000	523.000
2023	147.000	501.000

Í mars 2023 hafa alls verið skráðar 1.340.452 haglabyssur í Bretlandi sem er minna en áður fyrr (Home Office, 2023b). Ástæðan fyrir lækkuninni sem sýnd er í töflu 7, gæti falist í að árið 2021 voru gerðar kröfur um að umsækjendur þurfi að veita læknisfræðilegar upplýsingar áður en gefið var út skírteini til þeirra til að tryggja öryggi almennings (Home Office, 2022b). Tafla 8 sýnir fjölda manndrápa með skotvopni og allra brota sem hafa verið framin í Bretlandi á árum 2015-2023. Til að mögulegt væri að setja upp þessa töflu var nauðsynlegt að taka tvær heimildir saman, þar sem fjöldi manndrápa sem hafa verið framin í Bretlandi og Wales eru frá Clark (2024) og fjöldi allra brota þar sem skotvopn komu til sögunnar – þær upplýsingar hafa verið teknar frá Office for National Statistics (2023).

Tafla 8: Fjöldi manndrápa með skotvopni var beitt og öll brot í Bretlandi og Wales

Ár	Fjöldi manndrápa með skotvopni	Öll brot með notkun skotvopns
2015-16	25	8.399
2016-17	32	9.578
2017-18	26	9.419
2018-19	31	10.003
2019-20	26	9.401
2020-21	35	8.304
2021-22	29	8.396
2022-23	29	8.787

3.4 Kanada

Í lok 2016 voru aðeins tvær milljónir skráðra skotvopnaeigenda í Kanada en þessar tölur hafa aðeins hækkað á árum 2016 - 2020. Á þessum árum fjölgaði skotvopnaeigendum upp í 2,2 milljónir (Lucki, 2021). 2,2 milljónir jafngilda minna en 7% Kanadamanna (Cook o.fl., 2009). Tafla 9 sýnir aukningu á morðum þar sem skotvopn komu til sögunnar í Kanada, upplýsingar eru teknar frá Statista Research Department (2024). Samkvæmt Statistics Canada (2024) kemur fram að 64% aukning hafi orðið á skotvopnamorðum í Kanada á milli árána 2016 – 2022. Einnig er talið að frá árinu 1991 hafi aldrei verið jafn mörg morð og árið 2022 í Kanada (Statistics Canada, 2024).

Tafla 9: Fjöldi manndrápsmála þar sem skotvopni var beitt í Kanada

Ár	Fjöldi manndrápa með skotvopni
2015	181
2016	223
2017	267
2018	253
2019	264
2020	279
2021	298
2022	343

3.5 Samanburður

Þessi fjögur lönd sem tekin voru saman hér fyrir ofan sýna mjög skýrt að ástandið á fjölda skotvopna og morða er mjög misjöfn eftir löndum. Einnig er mismikil áhersla milli landa lögð á að halda utan um og birta gögn.

Hægt er að telja stöðu í Kanada þá verstu af þessum fjórum löndum sem hér voru rædd, þar sem fjöldi skotvopna og fjöldi manndrápa með notkun skotvopna er hæst. Annað á við Ísland, Bretland og Pólland, þar er lág morðtíðni og fjöldi skotvopnaleyfa hefur farið hækkandi á síðustu árum í Póllandi og á Íslandi. Lækkun hefur átt sér stað í Bretlandi á síðastliðnum fjórum árum eftir að ríkisstjórnin lagði meiri áherslu á að umsækjendur upplýstu um andlega

og líkamlega stöðu sína. Hægt er að álykta að augljóslega sé um hindrun að ræða fyrir marga Breta til að sækja um eða endurnýja skotvopnaleyfið sitt. Tafla 10 sem er hér fyrir neðan sýnir fjölda skotvopnaleyfa frá 2022 og morðtíðni frá 2021 þar sem skotvopnum hefur verið beitt. Ljóst er að samkvæmt þessari töflu er hæsta hlutfall skotvopna í eigu Kanadamanna á hverja 100 íbúa en Ísland er aðeins fyrir aftan þá. Samt er lægsta hlutfall morða á Íslandi miðað við önnur lönd.

Tafla 10: Samanburður á fjölda leyfishafa, hlutfall skotvopna á 100 íbúa og fjöldi manndrápa með skotvopnum.

Land	Fjöldi leyfishafa (2022)	100 íbúa (2017)	Fjöldi manndrápa með skotvopni (2021)
Ísland	36.548	31,74	1
Pólland	286.751	2,51	27
Bretland	674.000	4,61	35
Kanada	2,2 milljónir	34,70	298

4. Stefna og reglur Evrópusambandsins

Upphaf Evrópusambandsins eða Evrópubandalagsins eins og það var áður kallað má rekja til ársins 1957 (European Union, e.d.). Ein af fyrstu tillögu þeirra í tengslum við skotvopn átti sér stað þegar ESB öðlaðist völd á 9. áratugnum til að takast á við skotvopn. Þá kom upp hugmyndin um innri markað (e. single market) (Kirst, 2019) sem hefur verið í gangi frá árinu 1993 og er enn þá í dag (European Council, 2024). Markmið hins innra markaðs er að tryggja frjálst flæði varnings, fólks og fjármagns innan ESB og einnig í Noregi, Íslandi og Liechtenstein sem eru ekki aðildarríki ESB (European Council, 2024). Í tilskipun 91/477/EEC í tengslum við innri markað er kveðið um að afnema öll formsatriði lögreglu og toll við landamæri og annað eftirlit innan ESB til að auka traust. Samkvæmt Directive 91/477/EEC er nauðsynlegt að fá viðeigandi evrópskt skírteini til að flytja meiri skotvopn innan aðildarríkja (Kirst, 2019; Directive 91/477/EEC). Til að innri markaðurinn gengi upp var nauðsynlegt að öll aðildarríki fylgdu sömu lágmarkskröfum varðandi skotvopnalöggjöf. Eftir að tilskipun 91/477/EEC innan aðildarríkja öðlaðist gildi var ljóst að sjálfsvígs- og morðtíðni með notkun skotvopna fór lækkandi í aðildarríkjum (Kirst, 2019).

Eftir röð hryðjuverkaárása sem hafa átt sér stað í Evrópulöndum árið 2015, leiddi það til breytingar á skotvopnalöggjöf ESB (Kirst, 2019; Zouhar og Bartoszewicz, 2022). Í maí 2017 voru samþykktar breytingar sem framkvæmdastjóri ESB lagði fyrir innan ramma Lissabon-sáttmálans sem er lagarammi ESB. Lissabon-sáttmálinn veitir meðal ESB annars heimild til að breyta lögum á mörgum sviðum eins og skotvopnalöggjöf innan innra markaði ESB, sem þeir hafa sjálfir skapað (Kirst, 2019). Ofangreind stefna leiddi til aukins eftirlits á löglegum byssumarkaði (Zouhar og Bartoszewicz, 2022). Lög þessi gera fleiri takmarkanir til að eignast hættuleg skotvopn með löglegum hætti og hafa aukið samvinnu á milli aðildarríkja með betri upplýsingaskiptum. Einnig voru bætt lög sem tilgreina safnara og söfn, í fyrri lögum voru þau ekki tilgreindir. Lögin kveða á um að öll ESB ríki geri kröfu um læknisskoðun til að einstaklingar geti fengið skotvopnaleyfi og öll skotvopn séu skráð í kerfi (European Commission, 2024). Skylda aðildarríkja er ekki að leggja fram gögn um inn- og útflutning skotvopna. Samkvæmt ESB munu upplýsingasamskipti og skráning skotvopna draga úr ólöglegum markaði (European Commission, 2022).

Markmið Evrópusambandsins í aðgerðaáætlun 2020-2025 er að auðvelda upplýsingaskipti milli landa, bæta reglugerð á flutningum og lögleg viðskipti almennings

(European Commission, 2022). Stefna ESB hafi á sínum tíma verið árangursrík við að takast á við sjálfsvígs- og morðtíðni (Kirst, 2019). Hryðjuverkaárásir sem áttu sér stað í Evrópu á árum 2015 – 2016 leiddu til mikilla breytinga sem ESB ríki greip til, til að koma í veg fyrir fleiri árásir í Frakklandi og í Þýskalandi. Vandamálið er enn til staðar en hægt er að segja að það hafi færst sig í átt að Norðurlöndum.

5. Fræðileg nálgun

Hér að neðan verður fjallað um fjórar kenningar í samhengi við skotvopn. Í fyrsta lagi verður femínísk kenning skoðuð, næst á eftir verður rætt um pólitíska nálgun og þar á eftir verður skotvopnamening reifuð í hinum ýmsu löndum. Í lokin verður rætt um efnahagsmál í tengslum við glæpatíðni og einnig þann kostnað sem felst í glæpum sem tengjast skotvopnum.

5.1 Femínísk kenning

Þessi kafli fjallar um viðhorf kynjanna til skotvopna, en til að byrja með er nauðsynlegt að átta sig á hvað femínismi er og hvort hægt sé að tengja hann við skotvopnalöggjöf.

Femínismi vísar til kynjajafnréttis og hefur þar af leiðandi ríka sögu í tengslum við réttindi kvenna á alþjóðavettvangi á 20. öldinni. Femínismi hefur það að markmið efla stöðu kvenna. Samkvæmt sagnfræðinga skiptist femínisminn í þrjár bylgjur. Fyrsta bylgja átti sér stað árið 1920 þar sem hvítar konur fengu kosningaréttindi í Bandaríkjunum (Kelley, 2022). Önnur bylgjan hélt áfram að leggja áherslu á pólitískan og efnahagslegan ójöfnuð þar sem megináherslan var lögð á frelsi. Samt þarf að hafa í huga að upphaflega hafði femínismi einbeitt sér aðallega að hvítum konum í efri millistétt. Þriðja bylgja sem er einnig kölluð nútímáfemínismi leggur áherslu á hugtakið *samtvinnun* (e. intersectionality) til að berjast gegn félagslegu óréttlæti í samfélaginu. Þessi femínismi sem hér um ræðir leggur áherslu á litaðar konur frá fjölbreyttum hópum. Femínistahreyfingin sem var í gangi á fyrri öld skapaði margar samfélagslegar breytingar eins og í tengslum við venjur, jafnrétti og viðhorf kynjanna til skotvopna. Á tímum femínistahreyfingarinnar var Betty Friedan leiðandi í einni af femínísku bylgjunni og taldi hún að konur sem ákvæðu að kaupa sér skotvopn til eigin nota væru hræðilegar og andfemínískar. Því má ekki gleyma að skotvopn eru talin tákni karlmennskunnar og er því þau talin óæskileg í höndum kvenna. Konur og femínistar sem hafa verið hrifnar af ofbeldi eru yfirleitt líklegri en karlmenn að styðja skotvopnaeftirlit. Flestir nútímáfemínistar hafi ekki verið addáendur kvenna sem hafa notfært sér skotvopn til persónulegrar verndar. Konur sem telja sig femínista eru líklegar samt sem áður að bera skotvopn (Kelley, 2022). Hvert er viðhorf kynja til skotvopna á núverandi tímum?

Evrópsk rannsókn frá 2013 sýndi að 58% kvenna styðja strangari reglur varðandi skotvopnalöggjöf á móti 48% karlmanna. Einnig skýrir þessi rannsókn að meirihluti kvenna er

sammála um að mikið sé um skotvopnaglæpi í landi sínu til að vekja athygli samfélagsins. Menntun svarenda sem tóku þátt skiptir einnig máli, því hærri menntun svarenda - því mun líklegri töldu þeir að lítið væri um skotvopnaglæpi í landinu sem þeir væru búsettir á meðan rannsóknin var framkvæmd (European Commission, 2013). Hægt er að draga þá ályktun að því hærri menntun - því líklegra eru að viðkomendur búi í hverfum þar sem lítið er um að glæpastarfsemi eigi sér stað. Hvort sem bæði kyn notfæra sér skotvopn til veiða er samt munur á kynjum þegar kemur að persónulegri vernd (21% á móti 12%) eða faglegar ástæður (15% á móti 31%). Konur eru líklegri en karlmenn að sækja um skotvopnaleyfi til persónulegrar verndar en karlmenn til atvinnu (European Commission, 2013). Pólsk rannsókn frá 2022 leiddi einnig í ljós að konur voru mun líklegri að telja að ef skotvopnalöggjöf myndi að vera létt myndi það hafa áhrif á öryggistilfinningu þeirra (68% á móti 46%). Jafnframt bentu niðurstöður til að einstaklingar undir 29 ára aldri höfðu mun meiri áhyggjur af léttari skotvopnalöggjöf en konur (74% undir 29 á móti 68% kvenna), þetta þótti mjög áberandi. Samkvæmt þessari könnun kom einnig í ljós að einstaklingar sem höfðu mestar áhyggjur nýttu sér hana að mestu leyti og fóru á samfélagsmiðlana Instagram og TikTok til að afla sér upplýsinga (Kozubal, 2022). Þess vegna hægt er að álykta að tengsl séu á milli svarendum sem voru undir 29 ára aldri og samfélagsmiðla.

Þegar horft er að Íslandi er viðhorf kynja sambærileg við önnur lönd. Rannsókn frá árinu 2022 sýndi að konur höfðu meiri áhyggjur af skotvopnaeign en karlmenn (64-65% á móti 32%) (Maskína, 2022). Í kanadískri rannsókn höfðu niðurstöður verið eins, því konur í Kanada voru líklegri við að styðja strangari skotvopnalög (Public Safety Canada, 2021).

Samkvæmt Small Arms Survey (2014) eru skotvopn mjög oft notuð til að særa, hræða eða þvinga konur. Ein rannsókn bendir t.d. á að konur sem eiga skotvopn finna fyrir öryggistilfinningu og hugrekki en hjá karlmönnum er um að ræða ríkjandi valdatilfinningu (Kelley, 2022). Hvort sem hæsta hlutfall skotvopna eru í eigu karlmannna er það ástand stöðugt að breytast eftir atburði sem eiga sér stað í samfélögum á hverri stund. Sem dæmi má nefna árið 2012, eftir fjölda nauðgana og morða á konum sem áttu sér stað í Nýju-Delí, höfuðborg Indlands, leiddi það til fjölgunar á skotvopnaleyfum til kvenna á því svæði (Small Arms Survey, 2014). Viðhorf kynja á þessum vettvangi eru þau að augljóst er að konur eru líklegri til að styðja við hertari skotvopnalöggjöf og einnig að leggja meiri áherslu á öryggi sitt. Þegar horft er til femínískrar sögu og að femínistar hafi verið á móti skotvopnaeign almennings, er það vegna þess að skotvopn er tákn valds og einnig ofbeldis sem er beitt gegn konum í miklum mæli. Samt hafa bæði kyn á núverandi stund sömu réttindi til að eiga skotvopn. Enn fremur er

talið í grein Phillips og Frańczuk (2022) að skotvopnaeign er tengd borgararéttindum fólks og einnig frelsi sem verður rætt í um í næsta kafla.

5.2 Pólitísk nálgun

Í flestum löndum eru takmarkanir í tengslum við skotvopnaeign. Fjölbreyttar ástæður liggja þar að baki sem tengjast bæði menningu og sögu hvers lands (Trzcińska, 2022). Pólitík hefur einnig mikil áhrif á skotvopnaeign í löndum, þar sem ákvarðanatáka um vopnaeftirlit, framleiðslu og framboð er í höndum pólitískt kjörinna fulltrúa (UNODC, 2019). Þegar horft er á pólitík er nauðsynlegt að átta sig á vinstri og hægri stjórnmalastefnu. Vinstri stefna vísar til róttækra samfélagsbreytinga. Hægri stefna hefur trú á að samfélagsbreytingar eigi að eiga sér stað hægt. Hægrimenn telja að ójöfnuður sé óumflýjanlegur og jafnvel nauðsynlegur til að samkeppni eigi sér stað á milli almennings (Hulda Þórsdóttir, 2012). Hvernig er hægt að bera það saman við skotvopnalöggjöf? Til að átta sig á því er nauðsynlegt er að horfa í á málefni Kanada þar sem vinstrimenn styðja þær tillögur um að herða skotvopnalöggjöf enn frekar. Hægrimenn horfa frekar í átt að vægari refsingum, styðja að einhverju takmörkuðu leyti vinstri menn (Fleming o.fl., 2018). Þannig hægt er að álykta að á milli beggja stefna og flokka séu tengsl.

Talsmenn frjálshyggju myndu horfa á Bandaríkin sem fyrirmynd þeirra. Þar sem er ríkjandi trú á borgaraleg réttindi, frelsi og hagnýtri vernd þessara réttinda. Rétturinn til að eiga vopn í Bandaríkjunum hefur verið einhvers konar grunnur sem þjóðin hafi verið stofnuð á (Phillips og Frańczuk, 2020). Sumar þjóðir er frjálslýndari í tengslum við skotvopnalöggjöf eins og t.d. Bandaríkin, Tékkland, Noregur og Sviss eru talin vera frjálslýndari en Pólland. Ljóst er að hjá sumum þjóðum er frjálslýndisstefna ekki til staðar, því að skotvopn eru algjörlega ólögleg fyrir almennung, eins og í Kína, Japan eða Suður-Kóreu (Trzcińska, 2022). Enn fremur, ef óskað er eftir frjálsum aðgengi að skotvopnum ætti vopnaleyfi áfram að vera háð ákveðnum kröfum eins og sálfræði- eða læknisskoðun til að hámarka öryggi borgara. Það frjálstræði ætti að kenna almennungi um notkun skotvopna og afleiðingar ef einstaklingar brjóta af sér (Phillips og Frańczuk, 2020). Ísland, Bretland og Kanada má auðveldlega flokka sem frjálslýndar þjóðir þar sem takmarkanir ríkja, en almennungur getur öðlast skotvopnaleyfi með því að uppfylla ákveðin skilyrði sem fyrirfinnast í landinu.

Pólitísk stefna Evrópu sem kynnt var í kafla 4 kveður á um að aðildarríki ESB hafi lágmarkskröfur varðandi skotvopnalöggjöf í löndum. Meginmarkmið Evrópu er að þrýsta á skotvopnaeigendur á strangari reglur og einnig hvaða viðhorf varðandi skotvopnaeftirlit er

ríkjandi í þeim löndum (Müller, 2015). Pólítísk viðhorf varðandi skotvopnaeign eru umdeild í nokkrum Evrópulöndum eftir að stríð hófst milli Úkraínu og Rússlands. Í Póllandi er einn stjórnmalaflokkur sem kom með tillögu um að ákveðin lögregludeild myndi ekki veita skotvopnaleyfi heldur borgarforsetar eða bæjarstjórar myndu veita þetta skotvopnaleyfi (Kozubal, 2022). Með öðrum orðum myndi skotvopnaleyfi ekki verða háð lögreglu heldur sveitarfélögum. Samkvæmt núverandi skotvopnalöggjöf er vitað er að þessi tillaga hefur ekki farið í gegn.

Margir stuðningsmenn frjálslýndisstefnu eru sammála um að frjáls aðgangur að vopnum hafi áhrif á öryggi samfélags á þann hátt að einstaklingar sem vilja fremja brot þurfa að hafa hugsun á því að fórnarlambið getur hugsanlega verið vopnað á meðan brotinu stendur. Á þessu vettvangi eru skiptar skoðanir þar sem í Bandaríkjunum eru skotvopnalögin mjög frjálslýnd, en þar er að fjölga viðhorfum sem styðja hertari skotvopnalöggjöf vegna fjöldaskotárása (Trzcińska, 2022). Samt er ekki vitað hvort á næstkomandi árum muni skotvopnalöggjöf breytast í Bandaríkjunum.

Kanadísk ríkisstjórnin hefur tekist á við byssuofbeldi með því að herða skotvopnalöggjöf og telja að ströng skotvopnalög muni fækka brotum. Núverandi kanadíski frjálslýndi flokkurinn sem er við völd hafði lagt tillögur til þingsins í mars 2018 um að gera breytingar á skotvopnalögum í tengslum við dæmda einstaklinga, að þeir mættu ekki fá skotvopnaleyfi fyrr en eftir fimm ár (Kamal og Burton, 2018). Ákvæði sem hér er um að ræða skýrir með öðrum orðum að þeir sem sannreyna umsóknir eru skoðaðir fimm ár fram í tímann, ef umsækjandi hefur ekki verið brotlegur innan þess tíma getur sá einstaklingur fengið skotvopnaleyfi. Tillaga frá árinu 2018 kveður á um að einstaklingar sem hafa á lífsleiðinni framið einhvers konar ofbeldi, líkamsárás, nauðgun eða morð mega aldrei eiga skotvopn (bill C-71, 2018). Árið 2020 hefur kanadíska ríkisstjórn bannað yfir 1.500 gerðir af skotvopnum. Meginmarkmið ríkisins á þessari stundu er að takast á við byssuofbeldi og efla byssueftirlit (Canada, 2024). Því hægt að segja að svipaðar stefnur á undanförunum árum hafi átt sér stað í Bretlandi og í öðrum Evrópulöndum.

Seymour Martin Lipset telur að Kanada sé tengd breskum síðum þó það sé sjálfstætt ríki í dag, því kanadísk gildi eru mjög lík þeim evrópsku (Fleming o.fl., 2018). Lipset hefur rétt fyrir sér því þegar horft er til nýjustu skotvopnabreytinga, því báðar þjóðir hafa lagt mikla áherslu á að banna ákveðnar tegundir skotvopna. Í sumum löndum er skotvopnalöggjöf talin tákn frelsis eins og í nágrennaríki Kanada sem er Bandaríkin. Nauðsynlegt er að hafa í huga að

menning hver lands fyrir sig hefur einnig sterk áhrif á skotvopnalöggjöf, sem verður rætt hér fyrir neðan.

5.3 Menning

Upphaf skotvopna má rekja til 9. aldar þar sem Kínverjar framleiddu margar vopnategundir. Til Evrópu komu skotvopn til sögunar í byrjun 14. aldar. Þegar Evrópubúar fóru að framleiða skotvopn kom í ljós að evrópsk skotvopn voru mun betri en þau kínversku. Ein af ástæðum var að Evrópuveldin voru á þeim tíma í stöðugri baráttu sín á milli sem neyddi þau til að leita að bestu mögulegu hergögnum. Talað er að Evrópa hafi verið sein að byrja í skotvopnageiranum en hún hafi tekið forystu eins og hún hafi verið í kapphlaupi (Chase, 2003). Í Evrópu dreifðust skotvopn og höfðu í för afleiðingar fyrir mörg samfélög. Skotvopn hafa verið nýtt sem tæki til að sigra, arðræna og að leggja undir sig frumbyggja, þau hafa samt sem áður gagnast samfélögum við að vernda og frelsa menn frá kúgun (Witkowski, 2022).

Samkvæmt því sem er vitað er að hafi átt sér stað var hærri tíðni manndrápa í Evrópu snemma á 16. öld og mun herra hlutfall skotvopna í opinberri eigu á þeim tíma (Müller, 2015). Í bókinni *Gun Culture in Early Modern England* kemur fram að bresk skotvopnamenning á miðöldum var mjög áberandi. Margir borgarar tóku upp skotvopn til eigin nota og þannig blómstraði skotvopnaíðnaðurinn í Bretlandi. Í lok 15. aldar komust Bretar að þeirri niðurstöðu að skammbyssur væru góð tæki til persónulegrar afþreyingar eins og t.d. til veiða. Hinrik 8. var konungur Bretlands á árunum 1509 til 1547. Hann var frægur fyrir mikinn áhuga á skotvopnum. Á valdatíma sínum bannaði hann almenningi að eiga skotvopn ef tekjur þeirra náðu ekki ákveðnu lágmarki. Takmörkin sem Hinrik 8. setti þýddi að aðeins 2% landsmanna gátu átt skotvopn. Börnum konunga og foreldra í efri stéttum var kennt frá unglingsárum um notkun skotvopna. Skotvopn voru notuð til veiða eða íþróttá á þeim tíma, bæði kyn nýttu sér skotfæri en það varð algengara hjá karlmönnum (Schwoerer, 2016). Með árum varð fjölgun á byssuklúbbum um allt land, en aðeins áhrifamiklir og efnaðir máttu vera meðlimir í þeim. Á næstu öldum þróaðist skotvopnalöggjöf í Bretlandi sem leiddi til þess að í raun var lítill hluti Breta sem notfærði sér skotvopn. Frá 1989 voru eingöngu á milli 3 til 6% skotvopnaeigenda og skammbyssueigendur voru undir einu prósentu (Hurka, 2017). Kanadíska skotvopnamenningu má rekja til Bretlands, þar sem þeir höfðu verið undir breska konungsveldinu á sínu tíma (Fleming o.fl., 2018), því eru ekki til heimildir um upphaf skotvopnamenningu í Kanada.

Talið er að hefðbundinn bresk skotvopnaíþrótt sé strandfuglaveiði og andaskot, u.þ.b. 160 þúsund einstaklingar hafi stundað þessa íþrótt á 9. áratug 20. aldar (Harradine, 1985). Í dag er megináhersla í Bretlandi lögð á skotvopnaleyfi og þar af leiðandi að skotvopn rati í réttar hendur til að ógna ekki almenningi á einhvern hátt og því leggja nýlegu breytingar áherslu á andlega og líkamlega heilsu umsækjenda.

Íslenska skotvopnamenningu má rekja til 15. aldar þar sem fyrstu heimildir fjölluðu um skotvopn. Talið er að íþróttaskotfimi hafi verið elsta íþróttagrein landsins, vegna þess að elsta íþróttafélag landsins er talið Skotfélag Reykjavíkur sem var stofnað árið 1867. Bændur í kringum 15. öld notuðu skotvopn til veiðar á villtum dýrum og til verndar gegn hættulegum dýrum. Í dag eru til strangari reglugerðir varðandi skotvopnaeign en áður fyrr en skotvopn eru nýtt að mestu leyti til veiða á Íslandi (Gunnar Ingi Gunnarsson, 2022).

Fyrstu heimildir um skotfæri í Póllandi má rekja til 1383 þar sem Jan of Czarnków tilgreinir þau fyrst í sínu riti. Skotfæri á 14. öld voru alls ekki vinsæl. Á 15. öld byrjuðu hermenn að nota skotfæri og einnig til þeirra aldar má rekja fyrstu skotfæraskrána. Á þeim tímum var nauðsynlegt að hermenn á vakt skráðu þá tegund vopna sem þeir voru með í vinnunni. Meginmarkmið skráningu hermanna var til að þeir fengu greitt fyrir starf sitt og einnig bætur ef vopnið myndi vera skemmt eftir ákveðin átök (Grabarczyk, 1999). Á milli 1700 og 1918 eru ekki til upplýsingar um ástand skotvopnameningarinnar í Póllandi þar sem Póllandi hafi verið skipt á milli Rússlands, Prússlands og Austurríkis (Phillips og Frańczuk, 2020). Þegar Pólland náði loks sjálfstæði var ríkið að byggja sig upp. Núverandi lögreglugögn vísa til þess að ríkjandi fjöldi pólskra borgarbúa sótti um skotvopnaleyfi til veiðar, íþróttaiðkunar og söfnunar. Árlega birtir pólska lögreglan fjölda skotvopna sem eru skráð í eigu almennings, einnig hlutfall skotvopnaleyfa og hver var ástæða sem umsækjandinn upplýsti í umsókninni.

Hægt er að bera saman skotvopnalög Póllands og Bretlands á 14. og 15. öld þar sem strax áttu sér stað við upphaf ákveðnar takmarkanir fyrir almenning til að notfæra sér skotvopn til eigin nota. Einnig má álykta að bæði ríkin hafa ekki haft sterka hefð fyrir byssueign eins og ríkjandi er nú í Bandaríkjunum. Viðhorf Bandaríkjamanna er á þessu vettvangi skipt þar sem 52% svarenda sem tóku þátt í Gallup könnun árið 2021 styðja hertari skotvopnalöggjöf og 35% telja að núverandi skotvopnalöggjöf sé góð, þrátt fyrir að fjöldaskotárásam hafi farið fjölgandi í Bandaríkjunum á síðastliðnum árum (Brenan, 2022). Því má álykta að sterk skotvopnamening eigi sér stað í landinu og ekki er nákvæmlega vitað hvort lögin verða hert. Eins og kemur fram í frétt á Vísi að notkun skotvopna nær langt aftur í tíma hérlendis. Áður fyrr stunduðu

bændur/fjölskyldur skotvopnaveiðar á villtum dýrum, sem er enn stundað í dag en í öðrum mæli þar sem einstaklingar þurfa að fara eftir lögum og reglum (Gunnar Ingi Gunnarsson, 2022). Sama á við Bretland þar sem skotíþróttir hafa í gegnum tíðina verið mjög vinsælar. Bretar höfðu miklar áhyggjur af íþróttamönnum þegar tillaga kom frá Evrópusambandinu um að hægt væri að flytja skotvopn innan innri landamæra með evrópskt skotvopnaskírteini (Krist, 2019). Bretar voru ekki aðdáendur þessarar tillögu, en hún hafi verið samþykkt og er í fullu gildi í dag. Skotvopn voru í raun fyrir efnameiri einstaklinga á 14. til 19. öld eins og er nefnt var hér. Hverjir eru líklegir til að fremja brot? Eru tengsl á milli efnahag og skotvopna? Því verður svarað í næsta kafla.

5.4 Efnahagsleg áhrif skotvopnalöggjafar

Rannsóknir benda til að atvinnuleysi og efnahagslegur ójöfnuður leiði til hærri brotatíðni (Jennings o.fl., 2012; Corvalan og Pazzona, 2022). Í hagfræðibókmenntum tilgreindi Becker fórnarkostnað (e. opportunity cost) í tengslum við glæpi. Að hans mati byggjast einstaklingar sem gerast glæpamenn í grundvallaratriðum á ávinningi, kostnaði og hvata sem fólk hefur yfir að ráða. Því, samkvæmt kenningu hans, er ljóst að aukið atvinnuleysi gerir það aðlaðandi fyrir einstaklinga að fremja glæpi (Huang og Huang, 2015). Í flestum tilvikum eru afbrotamenn úr neðri stéttum og þolendur eru úr efri stéttum. Talað er að ójöfnuður hvetji einstaklinga úr neðri stétt til að fremja glæpi (Corvalan og Pazzona, 2022). Byssuofbeldi á sér yfirleitt stað í þéttbýlishverfum þar sem lágtekjufólk býr, einnig er eiturlyfjasmygl ríkjandi og mikið um glæpastarfsemi (Amnesty International, e.d.).

Amnesty International (e.d.) tilgreinir á síðunni sinni að fjöldaskotárásir og önnur brot sem framin eru með skotvopnum geti haft slæm áhrif á menntun barna. Börn geta fundið fyrir óöryggi við að ganga í skóla og haft erfitt að halda einbeitingu á skólatíma þar sem mikið er um fjöldaskotárásir. Þetta getur haft slæma afleiðinga á ungmenni á vinnumarkaði og þar af leiðandi tekjur þeirra. Óöryggi getur valdið einhvers konar hringrás á skorti, glæpum og ofbeldi (Amnesty International, e.d.). Því eru skotvopn sem eru geymd á ábyrgan hátt ekki endilega ógn fyrir almannaöryggi (Hellenback o.fl., 2017). Einnig er tilgreint í íslenskum, pólskum, breskum og kanadískum lögum að öll skotvopn ættu að geymd í öruggum læstum stað. Brot sem hafa verið framin fela í sér mikinn kostnað sem hefur áhrif á almenning. Birtingarmyndir þess eru sársauki, þjáningar eða í versta tilfalli mannfall (Detotto og Otranto, 2010; Hellenbach

o.fl., 2017). Áætlað er að heildarkostnaður vopnaðra átaka sé 163,3 milljarða dala eða 0,14% af árlegri vergri landsframleiðslu á heimsvísu. Þó Vestur-Evrópa sé með lægstu tíðni byssuglæpa þá er 67 milljónir ólöglegra skotvopna í eigu íbúa aðildarríkja ESB. Ólögleg skotvopn eru nýtt í miklum mæli af skipulagðri glæpastarfsemi eins og eiturlyfjasmygli, vændi eða peningabvætti (Hellenbach o.fl., 2017). Skotvopnaglæpir er eitt af stærstum áhyggjuefnum Bandaríkjanna og Kanada. Talið er að í Ontario, sem er eitt af kanadísku héruðunum, verði skotvopnaslys að minnsta kosti einu sinni á dag þar sem einstaklingar verða fyrir meiðslum. Kostnaður áverka er því mjög mikil sem einstaklingar, fjölskyldur og einnig samfélagið þarf að taka á sig. Út frá rannsókninni sem framkvæmd var á árunum 2012 til 2016 í Bresku-Kólumbíu, sem er eitt af kanadískum héruðunum, kemur fram að alls hafa 108 látist og 245 slasast og lagst inn á spítala á þessu tímabili eftir skotvopnaslys. Áætlaður heildarkostnaður atvika tengdum skotvopnum í Kanada er að meðaltali 294 milljónir bandaríkjadala á ári. Í þessum heildarkostnaði er meðal annars innifalinn kostnaður vegna heilbrigðiskerfis og refsiréttarkerfis (Rajabali o.fl., 2023). Í Bandaríkjunum hefur mannfall og meiðsl hafa í för með sér gífurlegan kostnað. Árið 2005 var lækniskostnaður vegna skotvopnaslysa áætlaður 711 milljónir dala og 40,5 milljónir dala vegna vinnutaps (Fleegler o.fl., 2013). Nauðsynlegt er að horfa á skotvopn ekki bara sem eitthvað neikvætt heldur einnig jákvætt. Staðreyndin er sú að árið 2018 hefur bandarískur skotvopnaiðnaður skapað yfir 300.000 störf, sem hafði í för að atvinnuleysi lækkaði, og átti efnahagslegur hagnaður varð allt að 52 milljarðar dollara og um 6,8 milljarða dollara í skatttekjum (Phillips og Franczuk, 2020). Samkvæmt Phillips og Franczuk (2020) væri samt sami skotvopnaaðgangur í Póllandi eins og á sér stað í Bandaríkjunum myndi Pólland hagnast á því. En samkvæmt þeim þarf frekari rannsóknir til að hægt sé að svara þessari spurningunni nákvæmlega.

Því þarf að passa upp á dómhörku og og telja að skotvopn ógni bara lífi almenna borgara. Þau geta einnig haft jákvæð áhrif á samfélagið, þar sem skotvopnaiðnaður getur skapað atvinnutækifæri fyrir atvinnulausa og því lækkað glæpastarfsemi. Hvort atvinnuleysi myndi hverfa getur fólk samt framið glæpi vegna ávinnings eða þrýstings frá þeim hópi sem það tilheyrir.

6. Ólögleg skotvopn

Aukning í ólöglegum skotvopnaviðskiptum átti sér stað eftir fall kommúnistakerfisins í Póllandi. Upphaflega var það knúið áfram af þróun ofbeldis jafnframt skipulagðri glæpastarfsemi sem var mjög hættulegt á 10. áratugnum (Chlebowicz o.fl., 2022). Flest þessara skotvopna hafa verið framleidd á löglegum markaði en með tímanum hefur þeim verið smyglað inn á svartan markað (Duquet og Goris, 2018).

Á árum 1999 til 2008 var lagt hald á 226 ólögleg vopn við landamæri Póllands og Tékklands og 161 við landamæri Póllands og Slóvakíu. Talið er um skipulagða pólskra – slóvakískra, pólskra – tékkneska og pólska – úkraínska hópa sem smygla skotvopnum frá Úkraínu, Slóvakíu og Tékklandi, en einnig má ekki gleyma Rússum sem smygla vopnum frá Tékklandi yfir landamæri Póllands til Rússlands. Í skýrslu pólsku lögreglunnar kemur í ljós að á árum 2014-2019 hafa verið framin alls 10.564 brot sem tengjast ólöglegri vörslu, framleiðslu eða skotvopnaviðskiptum. Einnig komu á borð pólskrar lögreglu 678 mál þar sem um var að ræða skotvopnatap. Á þessum fimm árum hefur löggæslustofnun lagt hald á 7.627 skotvopn, 2.489 íhluti skotvopna og alls 580.472 skotfæri. Árið 2017 jókst skotvopna smygl um 89% og það ár er einnig talið metár innan þessara fimm ára sem hér er að ræða. Sama ár uppgötvaði ríkisskattstjóri 28 tilraunir til að smygla skotfærum án leyfis. Árið 2019 fann tollþjónustan í Masóvíu, sem er eitt af pólsku héruðunum, í einum pakka þrjár skammbyssur og íhluti skotvopna en sú sending er talin hafa komið frá Bandaríkjunum. Slíkar sendingar eru mjög oft með lýsingu að pakkningin innihaldi sælgæti eða leikföng, en innihaldið getur verið allt annað, eins og í þessu tilviki. Samt er lágt hlutfall löglegra og ólöglegra skotvopna í Póllandi miðað við önnur lönd (Chlebowicz o.fl., 2022). Í því skyni hægt er að draga þá ályktun að Pólland sé umkringt fjölmörgum þjóðum og hefur það því verið mjög krefjandi starf að takast á við skotvopnasmygl.

Á síðustu árum hefur átt sér stað aukning í skotvopnamálum á Íslandi. Upplýsingar sem voru fengnar frá Ríkislögreglustjóra sýna fjölda verkefna sem sérsveit hefur verið kölluð út á síðustu árum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um tíðni útkalla til lögreglu ef vopn/skotvopn voru á vettvangi, enda er reglan sú að sérsveitin ber ábyrgð á yfirtöku aðgerða þegar vopn er að finna á vettvangi. Vopn sem hér um ræðir eru hnífar, skotvopn og annars konar vopn (Ríkislögreglustjóri, munnleg heimild, 15. apríl 2024). Eins og má sjá á töflu 11 að átt hefur sér stað fjölgun á útköllum á síðustu árum.

Tafla 11: Fjöldi verkefna sérsveitar

Ár	Fjöldi verkefna	Þar af vopnaútköll*
2015	214	68
2016	231	83
2017	446	174
2018	420	210
2019	393	202
2020	552	308
2021	523	320
2022	641	392
2023	683	467

Útköllum þar um er að ræða skotvopn hafa farið fækkandi á síðustu árum. Hæsta hlutfall útkalla þar sem vopn voru á vettvangi voru eggvopn eða stunguvopn s.s hnífar o.fl. sem eru stöðugt á bilinu 62 - 69% allra útkalla þar sem um vopnaútköll er að ræða (Ríkislögreglustjóri, munnleg heimild, 15. apríl 2024). Samkvæmt Mannlífi er mikið um skotvopnasmygl til Íslands mánaðarlega, einnig eru margar leiðir til að flytja skotvopn yfir landamæri. Eina leiðin er að kaupa skotvopn í útlöndum og þekkja einhvern sem getur tekið hana í sundur fyrir og flutt svo inn. Tollverðir verða ekki vör við sendingar því hlutirnir eru svo litlir, eins og viðmælandi Mannlífs skilgreindi, eins og lyklakippuhring, því þeir voru það litlir. Helstu ástæður fyrir því að menn ákveða að taka þessa áhættu er sú að vopn á Íslandi eru mun dýrari en í öðrum löndum (Björgvin Gunnarsson, 2022). Þessi viðhorf má tengja við fórnarkostnað sem var nefndur í kafla 5.4 þar sem einstaklingar hugsa um hver ávinningurinn, kostnaðurinn og hvatinn sem þeir hafa. Sjálfsagt mál er að ávinningur sé vopn í safnið sitt.

Út frá umfjöllun hér fyrir ofan er ljóst að ekki er vitað um fjölda óskráðra vopna sem eru í eign almennings á Íslandi, en árið 2014 lagði lögreglan lagt hald á 60 vopn og 18 tilvik þar sem vopn hafa verið stolin (Greiningardeild Ríkislögreglustjóra, 2015). Eins og kemur fram hjá lögreglufulltrúa höfuðborgarsvæðisins er ein ástæða þess að skotvopnum er stolið sú að eigendur fara ekki eftir reglum um geymslu og meðhöndlun þeirra. Því er áætlað að árlega sé 10 til 20 skotvopnum stolið af einkaaðilum. Árið 2018 hefur lögreglan lagt hald á 99 skotvopn og árið 2019 var búið að leggja hald á 76 skotvopn (Jóhann K. Jóhannsson, 2019). Því eru ekki

vísendingar um að fjölgun stolinna skotvopna hafi átt sér stað á Íslandi né skotvopnum sem hafa verið lagt hald af lögreglunni.

Samkvæmt Greiningardeild ríkislögreglustjóra (2024) er „aukin ógn“ á hugsanlegum hryðjuverkum á Íslandi. Þar sem aukin hryðjuverkaógn hefur aukist í nágrennaríkjum og þeirra atburða sem hafa átt sér stað á Íslandi eins og hafi verið lagt hald á fjölda skotvopna og skotfæri, þrívíddarprentuð vopn og önnur efni sem tengjast hryðjuverkum. Einnig var erlendur maður sem var meðlimur alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka vísað úr landi í janúar 2024 (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2024).

Í mars 2024 var maður með íslenskan uppruna handtekin á flugvelli í Bandaríkjunum á leiðinni til Íslands. Í flugfarangri hans fundust skotvopn, íhlutir skotvopna og skotfæri. Íslensk lögregla hafi fengið tilkynningu frá bandarískum löggæslufyrirvöldum um málið og þannig framkvæmdi lögreglan á höfuðborgarsvæðinu húsleit. Við húsleit fundust mörg skotvopn, m.a. skammbyssur og vélbyssur og íhlutur skotvopna ásamt skotfærum. Meirihluti vopna hafi verið skráð á þann aðila en ekki allt (Lögreglan, 2024b).

Í rannsókn ESB kemur fram að áætlað sé að 81.000 til 67 milljónir óskráðra skotvopna séu í Evrópu, en samt eru þær niðurstöður ekki áreiðanlegar því ekki er hægt að áætla nákvæmlega hlutfall ólöglega skotvopna í Evrópu. Enn fremur þarf að hafa í huga að aðferðir lögreglustofnana innan ESB eru margar við að skrá skotvopn sem eru í eigu einhvers (Duquet og Goris, 2018).

Belgíska lögreglan skráir fjölda málsmeðferða en ekki fjölda skotvopna sem finnast á vettvangi og hún skráir ekki öll brot sem koma til sögunar. Samkvæmt austurrískum tölfræðigögnum, sem eru mjög ítarleg, er mikil áhersla lögð á flokkun glæpa í 23 mismunandi tegundir sem snúa að vopnum (Duquet og Goris, 2018). Meirihluti skotvopna sem er á ólöglegum markaði í Kanada er að mestu leyti frá Bandaríkjunum. Eins og hefur komið fram í kafla 2.3 eru takmarkanir á skammbyssueign í Kanada. Samt lagði lögreglan í Toronto hald á 327 skammbyssur árið 2006 og 120 þeirra voru frá Bandaríkjunum. Árið 2007 greindi The Firearms Tracing and Enforcement Program (FATE) frá því að lögreglan í Ontario lagði hald á 705 vopn þar sem 90% þeirra voru ólögleg eða takmörkuð í Kanada. Hæsta hlutfall þeirra var frá Bandaríkjunum þar sem vopn voru 490 (69%). Alls hefur verið lagt hald á 5.616 skotvopn í Kanada árið 2007. Kanadíska tollgæslan greindi frá því að hafa lagt hald á 663 skotvopn. Leiðir smyglara eru nokkar, t.d. að leyna skotvopnum í bíl eða senda með pósti og setja rangar upplýsingar um innihald sendingarinnar. Það er ljóst að töllyfirvöld Kanada geta ekki komið í veg fyrir skotvopnasmygl því einnig er uppi krafa um frjálst flæði varnings og öryggi fólks.

Tollverðir geta eingöngu athugað 3% allra vara sem fara yfir frá Bandaríkjum til Kanada (Cook o.fl., 2009).

Eftir árið 1996 hafi verið áætlað að það hafi verið á bilinu 500.000 og 4.000.000 ólöglegra skotvopna í Bretlandi. Ekki er samt hægt að miða við þessar tölur því þessi vopn eru ekki skráð í neitt kerfi. Árið 2016 hafði eingöngu 1% íbúa Bretlandi leyfi til að eiga skotvopn. Á árum 2012 – 2016 hafa 0,2% brota sem hafa verið framin í Bretlandi tengst skotvopnum. Mesta eftirspurn eftir ólöglegum skotvopnum hefur verið á skammbyssum (Holtom o.fl., 2018). Lögreglumenn í Bretlandi telja að það eigi sér stað tvöföld aukning á skotvopnum tengdum glæpum. Hæsta aukning á skotvopnatengdum brotum átti sér stað í norðausturhluta Bretlands þar sem á meðaltali voru framin 91 skotvopn tengdir brotum á árum 2009 og 2012, í 294 á árunum 2019 og 2022 (Vinter, 2022). Flest skotvopn sem tengjast skotárásum koma af ólöglegum markaði. Alls á árunum 2019 til 2020 hefur verið lagt hald á 138 skotvopn í Bretlandi (National Crime Agency, e.d.). Í samanburði við Ísland eru mun fleiri vopn sem lögreglan leggur hald á ef horft er í átt að fjölda landsmanna.

Hlutverk ólöglegra skotvopna í glæpum hefur verið áberandi á undanförunum árum, sérstaklega í löndum þar sem mikið er um landamæri og smygleiðir eru áberandi. Pólland, með sín fjölmörgu landamæri við önnur Evrópuríki, hefur orðið vitni að vaxandi glæpastarfsemi tengdri ólöglegum skotvopnum, sem bendir til að stjórnvöld þurfa að beita markvissari aðferðum í eftirliti og reglusetningu (Chlebowicz o.fl., 2022). Enn fremur hægt er að greina frá því að nauðsyn krefst þess að skoða betur vopnaútköll sérsveitarinnar á Íslandi til að geta mögulega komið í veg fyrir fjölgun á vopnaútköllum hjá sérsveitinni til að létta á kerfinu. Enn frekari upplýsingaöflun á milli landa og sambærileg vopnalög myndi auðvelda löndum að minnka skotvopnasmygl og brotatíðni.

7. Öryggistilfinning landsmanna

Ísland er herlaust land sem tekur virkan þátt á alþjóðlegum vettvangi til að auka öryggi með því að vera hluti af Sameinuðu þjóðunum, NATO og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Án alþjóðlegs samstarfs myndi ekki vera hægt að takast á við hryðjuverkaógn, glæpastarfsemi, mansal eða fátækt o.fl. (Government of Iceland, e.d.).

Árið 2016 töldu Íslendingar sig vera örugga, eina ógnin að þeirra mati var efnahags-, fjármálaóstöðugleiki og náttúruhamfarir. Ísland hafði engar áhyggjur af hernaðaráttökum eða hryðjuverkaárásum (Silja Bára Ómarsdóttir, 2018). Niðurstöður könnunar meðal almennings sem framkvæmd var fyrir lögregluna árið 2020 eru mjög sambærilegar við rannsókn Silju Báru Ómarsdóttir. Þar sem niðurstöður lögreglunnar sýndu að 92% einstaklinga sem tóku þátt í könnun töldu sig vera örugga við að vera ein/einn á ferð í myrkri og í heildina litið töldu þeir sig vera örugga (Embætti ríkislögreglustjóra, 2021). Nýlegri rannsókn sem hafi verið gert fyrir hönd Embætti ríkislögreglustjóra hafur sambærilegar niðurstöður frá 2021, sem hafa verið kynntar hér fyrir ofan. Þar sem rannsókn frá 2023 leiddi í ljós að 90,9% einstaklinga töldu sig vera örugg við að vera ein/einn á ferð í sínu hverfi í myrkri (Lögreglan, 2023). Alvarleg atvik þar sem skotvopni hefur verið beitt hér á landi hafa ekki verið mörg en mögulega myndi aukning slíkra atvika hafa áhrif á öryggistilfinningu almennings. Rannsókn Maskína (2022) greinir frá því að skotvopnaeigendum héraðs fylgjaði sem hefur áhrif á viðhorf almennings. Árið 2021 lagði Maskína fyrir eftirfarandi spurningu: „Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af skotvopnaeign á Íslandi?“ Niðurstöður bentu til að 32,6% töldu að þau hafa miklar áhyggjur. Árið 2022 hækkaði þessi tala upp í 47,6% (Maskína, 2022). Árið 2023 hélst hlutfall þeirra sem hafa miklar áhyggjur álíka há, eða 45% almennings sem taldi skotvopnaeign vera áhyggjuefni (Maskína, 2023).

Nýlega í London átti sér stað atvik þar sem maður fannst látinn sökum skotsárs. Lögreglan hafði ekki neinar upplýsingar um hver framdi þetta morð við upphaf rannsóknarinnar (BBC, 2024). Út frá upplýsingum BBC var vitað að 18 ára gamall maður var handtekinn þann 22. mars sem grunaður var um að notfæra sér skotvopn með þeirri tilgangi að stofna lífi í hættu (Warren, 2024). Annað svipað morð sem hafi verið framið í Stokkhólmi þar sem pólskur ríkisborgari var myrtur fyrir framan 12 ára son sinn þann 10. apríl 2024. Maðurinn sem um er að ræða andmælti hópi ungmenna sem voru að selja fíkniefni úti á götu (TVN24, 2024). Í Kanada var 23 ára gamall karlmaður grunaður um að hafa drepið föður sinn og bróður og sært

móður sína alvarlega í byrjun mars 2024 (Jones, 2024). Nýlega hafa ekki átt sér stað svipuð atvik á Íslandi þar sem síðasta manndráp með notkun skotvopna átti sér stað árið 2022 (Þórdís Arnljótsdóttir, 2022).

